

# NÁMSLEIÐ

Samskipti og íslenska  
á hjúkrunarheimilum



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

**NAFN NÁMSKRÁR**

Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu  
númer 18-409-1-210, Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun númer 16-167-1-40

**NÁMSLEIÐ**

Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum 18-409-1-210, 16-167-1-40

**VINNUSTUNDIR NEMA**

97 klukkustundir alls

**HVERJUM ÆTLAÐ**

Fullorönu fólki eldra en 18 ára

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2026.

**Gert af:** Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

## Efnisyfirlit

Námsleið – námskrá.....	2
Titill: Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum.....	2
Námskrá: Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu, .....	2
Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun.....	2
Námsleið lýsing: Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum .....	2
Skipulag .....	3
Hæfniviðmið náms.....	3
Námsmat.....	4
Yfirlitstafla.....	5
Námsleið: Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum.....	5
– úr námskrá: Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun.....	5
Námsþættir.....	6
Samskipti á hjúkrunarheimilum.....	6
Lestur        F- TUNG1LE_1.....	7
Hlustun        F- TUNG1HL_4.....	8
Viðauki 1 .....	9
Viðauki 2 .....	10



## Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ([www.frae.is](http://www.frae.is)) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

### Titill: Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum

Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu númer 18-409-1-210 og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun númer 16-167-1-40 brotin upp.

Námskrá: [Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu,](#)  
[Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun](#)

### Námsleið lýsing: [Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum](#)

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskrá FA *Fagnámskeið fyrir starfsmenn heilbrigðis- og félagsþjónustu*. Notast er við námslýsingu námskrár við uppbrot námskráar.

Tilgangur námsins er að efla leikni almennra starfsmanna á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum í að fylgjast með, annast, aðstoða og umgangast aldraða og sjúka við athafnir daglegs lífs. Af fjórum námsþáttum námskrárinnar samkvæmt námslýsingu er einn námsþáttur Samskipti á hjúkrunarheimilum nýttur í þessa námsleið ásamt almennri starfshæfni auk þess er notast við tvo námsþætti: Lestur og hlustun í námskránni Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun.

Heildarnámstími námsleiðar er 97 klukkustundir en námskráin Fagnámskeið fyrir starfsmenn heilbrigðis- og félagsþjónustu er alls 210 klukkustundir og námskráin Skref til sjálfshjálpar er alls 40 klukkustundir.

Þessi námsleið er ekki einingabær nema námsleiðunum Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum og Aðhlygning aldraðra úr sömu námskrá sé lokið.

Sjá uppbrot námsþátta í yfirlitstöflu í viðauka.



## Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

## Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum.

### Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum þörfum aldraðra og sjúkra
- öldrunarferlinu
- á mikilvægi faglegs og góðs umbúnaðar fyrir líðan aldraðra og sjúkra
- Mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta
- Mikilvægi lestrarnákvæmni og hraða
- Mismunandi framburði og merkingu bókstafa og orða
- Mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta til að fá; gróft yfirlit, afla
- bókstaflegra upplýsinga, lesa milli lína og draga ályktanir
- Mismunandi framburði bókstafa og orða
- Mismunandi mállýskum eftir svæðum.

### Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla upplýsingum til samstarfsfólks síns
- miðla upplýsingum til skjólstæðinga sinna og aðstandenda þeirra
- Lesa öll orð, þar á meðal þau sem eru ókunn og flókin
- Lesa og skilja mismunandi texta
- Beita aðferðum sem auka lestrarnákvæmni og leshraða
- Lesa sjálfum sér til gagns og ánægju mismunandi texta
- Nota tæknimiðla og forrit til að æfa sig í hlustun
- Fylgjast með og skilja megininntak þess efnis sem fjallað er um.

### Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir.
- Auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta
- Auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Nýta sér tölvu og talgervil við lestur á því tungumáli sem við á
- Meta mikilvægi og merkingu þess sem fjallað er um hverju sinni
- Greina megininntak þess efnis sem fjallað er um
- eiga í samskiptum við aðstandendur skjólstæðinga sinna
- eiga í daglegum samskiptum við sína skjólstæðinga í samræmi við þarfir þeirra
- eiga í daglegum samskiptum við samstarfsfólk sitt.



## Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem hvatning, lærdómur og endurgjöf á námstíma.



## Yfirlitstafla

Námsleið: Samskipti og íslenska á hjúkrunarheimilum

– úr námskrá: Fagnámskeið fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun.

Nánar um skipulag náms í viðauka.

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Þrep
Almenn starfshæfni	F-ALSH1SH_4	12	6	6	1
Árangursrík samskipti	F-ALSH2AS_15	10	8	2	2
Jafnréttisvitund	F-ALSH2JF_13	10	8	2	2
Fjölmeningarfærni	F-STSH1FM_13	10	9	1	1
Sjálfstraust	F-ALSH1SJ_3	10	9	1	1
Stjórnun upplýsinga	F-STSH1SU_6	5	4	1	1
Vellíðan	F-STSH2VE_14	10	9	1	2
Viðskiptavinurinn í brennidepli	F-STSH2VV_13	4	4		2
Þrautseigja/seigla	F-STSH2PS_12	5	4	1	2
Lestur	F-TUNG1LE_1	11	11		1
Hlustun	F-TUNG1HL_4	10	10		1
<b>Vinnuframlag nema</b>		<b>97</b>	<b>82</b>	<b>15</b>	

Tölur aftan við skammstöfun í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei



## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag.

## Samskipti á hjúkrunarheimilum

Þrep	2
Vinnustundir	76 klst. (61 með leiðbeinanda)
Námsgrein	Samskipti á hjúkrunarheimilum
Viðfangsefni	Samskipti, framkoma, vinnustaðarmenning, fagleg framkoma

## Lýsing

Tilgangur námskeiðsins er að efla leikni almennra starfsmanna hjúkrunarheimilanna og heimahúsa í að skapa jákvæð og árangursrík samskipti sem einkennast að virðingu og traust á milli: a. starfsfólks bæði í heimahúsum og á stofnunum, b. starfsfólks og skjólstæðinga, c. starfsfólks og aðstandenda. Áhersla er á þekkingu og skilning á mikilvægi sjálfstrausts og góðra samskipta fyrir góða þjónustu, hvernig taka eigi á erfiðum einstaklingum og hvernig tekið er á kvörtunum. Bent er á atriði sem helst geta dregið úr sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við slíku. Enn fremur er lögð áhersla á leiðir til að stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu þannig að betri árangur náist í samskiptum, ánægja og vellíðan og á ýmis atriði í samtalsækni. Helstu atriði varðandi samskipti á vinnustað og vinnustaðarmenningu, einelti og leiðir til að koma í veg fyrir einelti. Fjallað er um mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu, atriði sem varða þjónustu almennt og þjónustu við skjólstæðinga hjúkrunarheimila og aðstandendur þeirra. Farið er í það hvernig stuðla má að aðlögun nýrra starfsmanna. Mismunandi þjónustustig eru skoðuð og athygli vakin á mikilvægi góðs viðmóts og faglegrar framkomu við skjólstæðinga og aðstandendur. Auk þess er lögð áhersla á þá þætti sem tengjast fjölmenningu og lúta að samstarfi fólks frá ólíkum menningarheimum.

## Hæfniviðmið námsþátta

Námsmaður skal hafa þekkingu og skilning á:

- ólíkum þörfum aldraðra og sjúkra
- öldrunarferlinu
- á mikilvægi faglegrar og góðs umbúnaðar fyrir líðan aldraðra og sjúkra.

Námsmaður skal hafa leikni í að:

- miðla upplýsingum til samstarfsfólks síns
- miðla upplýsingum til skjólstæðinga sinna og aðstandenda þeirra.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- eiga í samskiptum við aðstandendur skjólstæðinga sinna
- eiga í daglegum samskiptum við sína skjólstæðinga í samræmi við þarfir þeirra
- eiga í daglegum samskiptum við samstarfsfólk sitt.



## Lestur

## F- TUNG1LE\_1

Prep	1
Vinnustundir	11 með leiðbeinanda
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Lestur

**Lýsing**

Í þessum námsþætti er beitt samvirkri kennsluaðferð í lestri. Áhersla er lögð á hvort tveggja, einingar innan orða og merkingarbærar heildir. Unnið er með nálgun fjölskynjunar, það er snertingu, hreyfingu, sjón, heyrn og tali til að virkja sem flest skynfæri til náms. Merking orða og þau sem erfitt er að lesa, eru skoðuð sérstaklega, þau krufin til mergjar með fjölskynjunarnálgun og sett í fjölbreytt samhengi. Með þessari þjálfun örvast öll umskráning og lesskilningur og flæði lesturs á tungumálinu verður námsmönnum til gagns og ánægju.

Námsefnið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynna tungumálinu betur. eru kynnt.

**Hæfniviðmið námsþáttar**

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Bókstöfum, atkvæðum og hljóðum.
- Orðum og uppruna þeirra.
- Framburði og merkingu orða.
- Greinarmerkjum og hvernig tekið skuli mið af þeim við lestur texta.
- Mikilvægi lestrarnákvæmni og hraða.
- Mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta til að fá; gróft yfirlit, afla bókstaflegra upplýsinga, lesa milli lína og draga ályktanir.
- Möguleikum tölvunotkunar til upplýsingaöflunar.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota viðeigandi aðferð við lestur.
- Lesa öll orð, þar á meðal þau sem eru ókunn og flókin.
- Lesa og skilja mismunandi texta.
- Beita aðferðum sem auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Lesa sjálfum sér til gagns og ánægju mismunandi texta.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir.
- Auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta.
- Auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Nýta sér tölvu og talgervil við lestur á því tungumáli sem við á.

**Námsmat**

Námsárangur og námsframvinda eru metin með hliðsjón af hæfniviðmiðum námskrár, með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



## Hlustun

## F- TUNG1HL\_4

Prep	1
Vinnustundir	10 með leiðbeinanda
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Hlustun

**Lýsing**

Í námsþættinum eru námsmenn þjálfaðir í að beita virkri hlustun til að greina framburð bókstafa og orða til að nýta sér í náminu og hinu daglega lífi. Náms efnið þyngist stig af stigi og verður fjölskyngjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynna tungumálinu betur.

**Hæfniviðmið námsþáttar**

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi framburði bókstafa og orða.
- Mismunandi mállýskum eftir svæðum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota tæknimiðla og forrit til að æfa sig í hlustun.
- Fylgjast með og skilja megininntak þess efnis sem fjallað er um.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Meta mikilvægi og merkingu þess sem fjallað er um hverju sinni.
- Greina megininntak þess efnis sem fjallað er um. aðferðum

**Námsmat**

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna.



## Viðauki 1

Almenn starfshæfni fléttast inn í námsleiðina Samskipti á hjúkrunarheimilum  
Samvinna og aðlögunarhæfni fléttast inn í þekkingu og skilning á góðum samskiptum, faglegri og  
góðri framkomu og þjónustu. Jákvæðu viðhorfi tengdu fjölmenningu, ólíkum menningarheimum og  
aðlögun nýs starfsfólks.



## Viðauki 2

Yfirlitstafla námslýsingar og hæfnipátta námsleiðanna: Aðhlygning aldraðra, Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum, Samskipti á hjúkrunarheimilum.

Hæfnipættir klst.					Námsleiðir		
Nafn námsþáttar	Prep	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag viðbót	Aðhlygning aldraðra	Heimilisstörf á hjúkrunarheimilum	Samskipti á hjúkrunarheimilum
Almenn starfshæfni	1	40	18	22	x	x	x
Árangursrík samskipti	2	10	8	2			x
Jafnréttisvitund	2	10	8	2			x
Starfsþróun og færniefning	2	10	9	1	x	x	
Að vinna að lausnum	1	10	9	1	x	x	
Að vinna undir álagi	2	10	9	1			x
Fjölmenningarfærni	1	10	9	1	x	x	
Frumkvæði	1	10	9	1	x	x	
Gæðavitund	1	10	10	0	x	x	
Natni og nákvæmni	1	10	9	1	x	x	
Sjálfsstjórn	1	10	9	1	x	x	
Sjálfsstraust	1	10	9	1			x
Skilningur á starfsemi	1	10	9	1	x	x	
Stjórnun upplýsinga	1	10	8	2	x		x
Tímastjórnun og forgangsröðun	1	10	9	1	x	x	
Vellíðan	2	10	9	1			x
Viðskiptavinurinn í brennidepli	2	10	10	0	x		x
Þrautsegja/Seigla	2	10	9	1	x		x
<b>Samtals</b>		<b>210</b>	<b>170</b>	<b>40</b>			

Heildar fjöldi klukkustunda í námskránni Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu eru 210 klukkustundir ef þessar þrjár námsleiðir sem vísar hér í yfirlitstöflu eru teknar allar verða þær einnig samtals 210 klukkustundir. 170 klukkustundir með leiðbeinanda og 40 án leiðbeinanda. Eina breytingin er að klukkustundir án leiðbeinanda eru 40 ekki 20 eins og eru í námskránni.

